

3. apríl 2025

Mál nr. 1/2025

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ.

Skautafélag Reykjavíkur

gegn

Ungmennafélagi Fjöltnis - íshökkídeild

Með bréfi dagsettu 28. mars 2025 krafðist áfrýjandi, Skautafélag Reykjavíkur þess aðallega að dómi dómstóls ÍSÍ nr. 3/2025 kveðinn upp 21. mars 2025, um að áfrýjandi teldist hafa tapað leik við Skautafélag Akureyrar, sem fram fór 22. febrúar sl. í Toppdeild karla með markatölunni 0 – 10, yrði vísað frá dómi og til vara að áfrýjandi yrði sýknaður af kröfu vegna meintrar ólögmætrar leikheimildar og meintrar ólögmætrar leikskýrslu. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Mál þetta var dómtekið 1. apríl 2025 eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Að því er varðar aðild Skautafélags Reykjavíkur verður ekki fallist á að rangur aðili hafi verið kærður í málinu frá upphafi. Almennu verður að játa aðalfélagi rúmt aðildarhæfi þegar mál varðar einstakar deildir þess, þó einnig geti komið til greina að beina kröfum að viðkomandi deild. Þá tók Skautafélag Reykjavíkur til efnislegra varna í málinu fyrir dómstól ÍSÍ og gerði engar athugasemdir við aðild málsins varamegin fyrir en eftir að niðurstaða dómsins lá fyrir. Verður málinu ekki vísað frá dómi af þessum ástæðum.

Samkvæmt ákvæði 31.1. laga ÍSÍ um kærurétt fyrir dómstól ÍSÍ, hefur rétt til kæru hver sá, einstaklingur, félag og félagasamtök sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls. Í hinum áfrýjaða dómi er farið yfir hagsmuni stefnda af málssókninni og eru ekki gerðar athugasemdir við röksemdir dómsins um að stefndi kunni að hafa hagsmuni af niðurstöðu umrædds leiks. Það er hins vegar ekki eina skilyrðið fyrir kærurétti stefnda. Samkvæmt ákvæðinu þarf einnig að uppfylla það skilyrði að misgert hafi verið við stefnda. Við mat á því getur skipt máli hvort kærandi hafi verið beinn þátttakandi í leiknum. Í hinum áfrýjaða dómi er ekki að finna umfjöllun um þetta skilyrði.

Stefndi var ekki þátttakandi í umræddum leik. Hann byggir málatilbúnað sinn á því að áfrýjandi hafi notað, sem varamarkmann, leikmann sem fullnægði ekki skilyrðum 3. gr. reglugerðar um félagaskipti. Félagið hafði þó engu að síður fengið útgefna leikheimild fyrir viðkomandi leikmanni sem hafði hvorki spilað á yfirstandandi leiktíð né á tímabilinu þar á undan. Þá er byggt á því að leiðrétting hafi ekki verið gerð í tölvukerfi varðandi fjölda markvarða, heldur á útprentuðu skjali undirrituðu af starfsmönnum beggja liða. Fyrir liggur að einungis tveir markverðir tóku þátt í umræddum leik og var sá markvörður sem strikað var yfir á leikskýrslu ekki annar þeirra. Þá liggur einnig fyrir að sá leikmaður sem fékk þá leikheimild útgefna sem fjallað er um í þessu máli, sat á varamannbekk og kom ekki inn á.


Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður ekki talið að framangreind atvik séu þess eðlis að þau feli í sér að misgert hafi verið við stefnda í skilningi greinar 31.1 í lögum ÍSÍ. Verður því ekki talið að stefndi hafi átt kærurétt í máli þessu og með því fallist á aðalkröfu áfrýjanda að málinu verði vísað frá dómstól ÍSÍ.

Dómur


Máli nr. 3/2025 er vísað frá dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.



Helgi Sigurðsson



Helga Melkorka Óttarsdóttir



Hulda Árnadóttir